

Fundur nr. 265

Ár 2026, föstudaginn 27. febrúar kom stjórn Faxaflóahafna sf. saman á fundi í Hafnarhúsinu. Fundurinn hófst kl. 9:30.

Mætt:

Líf Magneudóttir

Hildur Björnsdóttir

Guðmundur Ingpór Guðjónsson

Helga Harðardóttir

Már Músson

Páll Brynjarsson

Ragnheiður H. Magnúsdóttir

Auk ofangreindra voru á fundinum Inga Rut Hjaltadóttir, sviðsstjóri framkvæmdasviðs og Gunnar Tryggvason hafnarstjóri, sem ritaði fundargerð.

1. Öryggi, heilsa og umhverfi

Mánaðarskýrsla öryggisstjóra lögð fram til kynningar og rædd.

2. Mánaðaryfirlit hafnarstjóra

Lagt fram og kynnt af hafnarstjóra og rætt.

3. Forkaupsréttarmál

Eignayfíræsla – sömu eigendur

Fiskislóð 47, F-222-1408

Eigandi: Hafgæði sf., kt. 510990-1539

Nýr eigandi: Hvalbakur ehf. kt. 711193-2219

Viðauki við áður gerðan samning, 16. mars 2022

Hólmaslóð 3, F-220-947

Eigandi: Skel fjárfestingafélag hf., kt. 590269-1749

Nýr eigandi: Gallon ehf., kt. 630921-2280

4. Fjárhagsuppgjör 2025

Friðrik Þór Hjálmarsson, sviðstjóri viðskiptasviðs, og Ragnheiður Ragnarsdóttir, deildarstjóri fjármála komu á fundinn undir þessum lið og þeim næsta. Kynntu þau óendurskoðað fjárhagsuppgjör ársins 2025 og svöruðu spurningum fundarmanna. Heildartekjur ársins numu 6.978 m.kr. og eru þær 7,0% umfram áætlun. EBITDA ársins nam 2.486 m.kr. sem er 32,6% umfram áætlun. Rekstrarniðurstaða er jákvæð um 1.594 m.kr. eða 52,5% umfram áætlun.

5. Endurskoðun fjárhagsáætlunar 2026

Fyrir fundinum lá tillaga um endurskoðaða fjárhagsáætlun líðandi árs vegna ófyrirséðs tekjumissis sökum bilana hjá Norðuráli á Grundartanga. Gert er ráð fyrir að heildartekjur Faxaflóahafna verði 172 m.kr. lægri á líðandi ári en í gildandi áætlun. Var breytingin samþykkt samhljóða.

6. Áhættustefna

Gyða Mjöll Ingólfssdóttir, umhverfis- og gæðastjóri kom á fundinn undir þessum lið; kynnti drög að uppfærðri áhættustefnu Faxaflóahafna og svaraði spurningum fundarmanna. Stefnt er að samþykkt stefnunnar á næsta fundi stjórnar.

7. Önnur mál

Fyrir fundinum lá erindi frá Huldu Rós Guðnadóttur, sem ásamt meðhöfundum bar sigur úr bítum í samkeppni um útilistaverk í Vesturbugt, árið 2017. Óskar Hulda eftir því að Faxaflóahafnir taki skýra afstöðu til þess hvort gengið verði til samninga við höfunda um uppsetningu verksins. Stjórn telur rétt að kannað verði í samstarfi við höfunda þess hvort umrædd staðsetning sé heppileg óbreyttri útfærslu verksins, m.a. í ljósi þess byggingamagns sem áformað er á nálægðri lóð. Stjórn telur jafnframt að stefnt skuli að ákvörðun þegar hillir undir lok byggingaframkvæmda í Vesturbugt og felur hafnarstjóra að svara erindinu á þeim nótum.

Fundi slitið: kl. 11:25